**Aðgerðaáætlun 2021-2022**

Í þessari aðgerðaáætlun er gerð grein fyrir aðgerðum í framkvæmd stefnu alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands á tímabilinu 2021-2022 í samræmi við 5. og 9. grein laga nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Aðgerðaáætlunin er nokkuð yfirgripsmikil, en þó ekki tæmandi. Í henni má finna yfirlit yfir það með hvaða hætti íslensk stjórnvöld hafa unnið að settum markmiðum á árunum 2021-2022 í gegnum starf í tvíhliða samstarfsríkjum Íslands, stuðning við áherslustofnanir og mannúðarstarf auk samstarfs við aðra aðila, s.s. félagasamtök. Yfirmarkmið Íslands er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, jafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Vinnur Ísland að því í gegnum þrjú skilgreind þróunarmarkmið á sviði uppbyggingar félagslegra innviða og starfa í þágu friðar, verndun jarðarinnar og sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda og mannúðaraðstoðar. Því til viðbótar eru sett fram markmið og aðgerðir hvað varðar sérstök viðfangsefni á árinu sem ætlað er að bæta starfið. Þess ber að geta að hluti af þróunarsamvinnu Íslands er í formi reglubundinnar fjármögnunar Alþjóðaframfarastofnuarinnar (IDA) sem er sá armur Alþjóðabankans sem veitir lán og styrki til fátækustu ríkjanna. Stuðningur við IDA er heildstæður og stuðlar að framgangi allra heimsmarkmiða SÞ í takt við þarfir hvers ríkis og er því ekki getið í töflunni hér að neðan. Rétt er að geta að í neðangreindri aðgerðaáætlun er ekki gerð grein fyrir stuðningi við Úkraínu sem fellur undir framlög til þróunarsamvinnu. Stuðningur við Úkraínu fellur undir sérstaka fjárveitingu ríkisstjórnarinnar og utan Stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023.

| | | |
|---|---|---|
| (rautt) Aðgerð ekki komin á veg/hafin | (gult) Aðgerð hafin/komin á veg | (grænt) Aðgerð lokið |

**1.1 Kynjajafnrétti og valdefling kvenna – heimsmarkmið 5**
1.1.1 Aukið jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna
1.2.2 Aukið jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna í óstöðugum ríkjum, aukin þátttaka kvenna í friðaruppbyggingu
1.1.3 Bætt heilbrigðisþjónusta og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna kynfæralimlestinga kvenna og stúlkna

| Staða | Aðgerðir | Staða í lok árs 2022 |
|---|---|---|
| (grænt) | Stuðningur við starfsemi UN Women og kjarnaframlög aukin. Stuðningur við verkefni UN Women í Palestínu og Zaatari flóttamannabúðunum í Jórdaníu. | Rammasamningur við UN Women, sem og samningar um einstaka verkefni, í gildi og varir út 2023. Kjarnaframlög hækkuð í 150 m.kr. árið 2022 og voru greidd tímanlega. Ísland sat í stýrinefnd UN Women árið 2022 og tók þannig sérstaklega virkan þátt í eftirliti með stofnuninni. |
| (grænt) | Stuðningur við UFGE, jafnréttissjóð hjá Alþjóðabankanum. | Rammasamningur endurnýjaður til þriggja ára (2021-2023). Kjarnaframlög hækkuð og greidd tímanlega. Virk þátttaka og eftirlit með starfi sjóðsins. |
| (gult) | Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum til tveggja ára fyrir tvíhliða samstarf í Malaví. | Í vinnslu. |
| (rautt) | Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum til tveggja ára fyrir tvíhliða samstarf í Úganda. | Aðgerð ekki komin á veg/hafin. |
| (rautt) | Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum til tveggja ára fyrir tvíhliða samstarf í Síerra Leóne. | Aðgerð ekki komin á veg/hafin. |
| (grænt) | Stuðningur við starfsemi Jafnréttisskóla GRÓ. | Virk starfsemi Jafnréttiskóla GRÓ, 20 nemendur útskrifaðir árið 2021 og 23 árið 2022. Tvö styttri námskeið haldin 2021 og tvö opin netnámskeið aðgengileg við lok árs 2022. |
| (grænt) | Vottun UNDP á jafnréttisáherslum í þróunarsamvinnustefnu íslenskra stjórnvalda. | Ferli lokið árið 2022, Ísland hlaut gullvottun sem tók gildi 2022 og var fyrsta gjafaríkið sem hlaut vottun. |
| (grænt) | Stuðningur við átak UN Women um Kynslóð kynjajafnréttis (Generation Equality) um aukna þátttöku drengja og karla í jafnréttismálum. | Samstarfssamningur til tveggja ára (2021-2022) til He for She verkefnis UN Women undirritaður og tímanleg framlög veitt. |
| (grænt) | Stuðningur við She Trades verkefni á vegum International Trade Corporation (ITC). | Samstarfssamningur undirritaður fyrir 2021-2023 um stuðning til þriggja ára. |

| | | |
|---|---|---|
| | Staða lögfræðings á sviði jafnréttismála til að vinna að verkefninu Empowering Women by Balancing the Law hjá Alþjóðabankanum. | Staða fjármögnuð til eins árs 2021-2022. |
| | Þrjár rakarastofur haldnar í samstarfslöndum eða á vettvangi alþjóðastofnana 2021-2022. | Rakarastofa haldin í Malaví í maí 2021. Tveir viðburðir færðir yfir til ársins 2023. |
| | Stuðningur við Women´s Center for Legal Aid and Counselling í Palestínu. | Samningur undirritaður til þriggja ára (2021-2023) og framlög veitt. |
| | Stuðningur við samstarfsverkefni UNICEF og UNFPA um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna. | Samstarfssamningur endurnýjaður (2022-2023) og framlög greidd tímanlega. |
| | Jafnréttisverkefni í Malaví, aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi í Malaví, þríþætt verkefni með frjálsum félagasamtökum og Mannréttindastofnun Malaví. | Samningur undirritaður í lok árs 2022. |

**4 MENNTUN FYRIR ALLA**

**1.2. Jafn aðgangur allra að góðri menntunna – heimsmarkmið 4**

1.2.1. Minna brottfall nemenda og aukin gæði menntunar í samstarfslöndum
1.1.2. Bætt aðgengi að menntun
1.2.3. Bætt menntun í óstöðugum ríkjum

| Staða | Aðgerðir | Staða í lok árs 2022 |
|---|---|---|
| | Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Úganda (Namayingo hérað). | Samningur undirritaður til þriggja ára (2021-2023) og framkvæmd hafin. |
| | Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Úganda (Buikwe hérað). | Samningur undirritaður fyrir þriðja áfanga verkefnisins (2022-2025) og framkvæmd hafin. |
| | Samstarfsverkefni í grunnmenntun Malaví (Mangochi hérað). | Framkvæmd samkvæmt áætlun. |
| | Samstarfsverkefni með WFP um heimaræktaðar skólamáltíðir í Mangochi héraði. | Samningur um áframhaldandi samstarf undirritaður til þriggja ára (2022-2024) og framkvæmd hafin. |
| | Stuðningur við starfsemi UNICEF – áhersla lögð á kjarnaframlög. | Rammasamningur endurnýjaður til þriggja ára (2021-2023). Kjarnaframlög hækkuð og greidd tímanlega. Virk þátttaka og eftirlit með starfi stofnunarinnar. |
| | Stuðningur við UNESCO. | Tímanlegt kjarnaframlag í takt við rammasamning (2021-2023), fjármögnun starfsmanns hjá UNESCO og virk seta Íslands í framkvæmdastjórn (2021-2025). |
| | Stuðningur við Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNRWA). | Tímanlegt kjarnaframlag var hækkað og veitt til stofnunarinnar. Þar að auki tók útsendur sérfræðingur til starfa á Vesturbakkaskrifstofu UNRWA á árinu. |

**3 HEILSA OG VELLÍÐAN**

**1.3 Bætt grunnheilbrigðisþjónusta og lækkuð tíðni mæðra- og barnadauða – heimsmarkmið 3**

1.3.1. Bætt heilbrigðisþjónusta með áherslu á mæðra- og barnavernd og frjósemisheilbrigði
1.3.2. Bætt heilbrigðisþjónusta í óstöðugum ríkjum

| Staða | Aðgerðir | Staða í lok árs 2022 |
|---|---|---|
| | Samstarfsverkefni í heilbrigðisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Mangochi héraði í Malaví. | Framkvæmd samkvæmt áætlun. |
| | Stuðningur við kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi kvenna og stúlkna í Malaví í samstarfi við UNFPA. | Framkvæmd samkvæmt áætlun. |
| | Samstarf við félagasamtökin IPAS um bætta umönnun og meðferð eftir þungunarrof í Malaví. | Samningur undirritaður (2022-2023) og framkvæmd hafin samkvæmt áætlun. |
| | Samstarf við UNFPA sem miðar að því að útrýma fæðingarfistli í Síerra Leóne. | Verkefnisskjal samþykkt, samningur til fimm ára undirritaður (2022-2026) og verkefni hafið samkvæmt áætlun. |
| | Stuðningur við starfsemi UNFPA – áhersla lögð á kjarnaframlög. | Kjarnaframlög hækkuð og greidd tímanlega í takt við rammasamning. Virk þátttaka og eftirlit með starfi stofnunarinnar. |

| | | |
|---|---|---|
| | Stuðningur við UNICEF Palestínu. | Tímanlegt framlag samkvæmt samningi var veitt til landaskrifstofu UNICEF í Palestínu. |
| | Stuðningur við UNFPA í Sýrlandi. | Tímanlegt framlag var veitt til stofnunarinnar sem hluti af Sýrlandsáheitum. Þá voru áheitin framlengd um eitt ár til 2024. |
| | Umfangsmikill stuðningur við COVAX bóluefnasamstarfið. | Aðgerð lokið, framlag veitt á árinu 2021. |
| | Stuðningur við Palestinian Medical Relief Society. | Samningur endurnýjaður (2021-2023) og framlög veitt. |

**1.4 Bætt aðgengi að heilnæmu vatni og hreinlætisaðstöðu - heimsmarkmið 6**

1.3.1. Bætt heilbrigðisþjónusta með áherslu á mæðra- og barnavernd og frjósemisheilbrigði

| Staða | Aðgerðir | Staða í lok árs 2022 |
|---|---|---|
| | Samstarfsverkefni um bætt aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu í Namayingo héraði í Úganda. | Samningur undirritaður til þriggja ára (2021-2023) og framkvæmd hafin. |
| | Samstarfsverkefni um bætt aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu í Buikwe héraði í Úganda. | Samningur undirritaður fyrir þriðja áfanga verkefnisins (2022-2025) og framkvæmd hafin. |
| | Samstarf við UNICEF um bætt aðgengi að vatni og hreinlæti í flóttamannabyggðum og viðtökusamfélögum þeirra í norðvesturhluta Úganda. | Framkvæmd samkvæmt áætlun. |
| | Samstarfsverkefni um bætt aðgengi að vatni og hreinlæti í Mangochi héraði í Malaví. | Framkvæmd samkvæmt áætlun. |
| | Samstarf við UNICEF um vatns- og hreinlætisverkefni í sjávarbyggðum Síerra Leóne. | Samningur til fjögurra ára undirritaður um áframhaldandi samstarf (2022-2026) og framkvæmd hafin samkvæmt áætlun. |

**1.5 Skjót endurreisn, aukinn viðnámsþróttur og sterkari innviðir samfélaga - heimsmarkmið 16**

1.5.1. Fyrirsjáanleg og skjót mannúðaraðstoð
1.5.2 Aukin samhæfing og skilvirkni mannúðaraðstoðar
1.5.3 Bætt geta yfirvalda til að veita grunnþjónustu og aukið gagnsæi hins opinbera
1.5.4 Aukið öryggi og endurreisn samfélaga, bætt geta stofnana til að styðja við mannréttindi frið og lýðræði

| Staða | Aðgerðir | Staða í lok árs 2022 |
|---|---|---|
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við OCHA. | Kjarnaframlög greidd tímanlega og hækkuð í 130 milljónir kr. Virk þátttaka og eftirlit með starfi stofnunarinnar með þátttöku í ODSG. |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við CERF. | Kjarnaframlög hækkuð í 180 milljónir kr. |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við UNHCR. | Kjarnaframlög greidd tímanlega og hækkuð í 200 milljónir kr. Virk þátttaka og eftirlit með starfi stofnunarinnar |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við UNRWA. | Kjarnaframlög hækkuð í 35 milljónir kr. |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við WFP. | Kjarnaframlög hækkuð í 200 milljónir kr. |
| | Stuðningur við WFP í Jemen og á Sahel-svæðinu. | Framlög veitt til Jemen og á Sahel-svæðinu í gegnum áherslustofnanir. |
| | Skjót viðbrögð og stuðningur þegar neyð skellur á. | Brugðist við neyðarbeiðnum SÞ í Eþíópíu, Pakistan og Sómalíu. |
| | Stuðningur við félagasamtök á Íslandi í formi rammasamninga. | Rammasamningar undirritaðir til þriggja ára við fjögur félagasamtök á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. |
| | Stuðningur við Slysavarnafélagið Landsbjörgu. | Vinna við nýjan rammasamning langt komin, gert ráð fyrir að henni verði lokið á árinu 2023. |

| | | |
|---|---|---|
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við ICRC. | Drög unnin að nýjum samstarfssamningi (samstarfsyfirlýsingu) til undirritunar 2023. |
| | Stuðningur við héraðsyfirvöld í Mangochi héraði í Malaví til að bæta grunnþjónustu á sviði mennta-, heilbrigðis- og vatns- og hreinlætismála. | Samstarfssamningur framlengdur (2021-2023) og framkvæmd samkvæmt áætlun. |
| | Stuðningur við héraðsyfirvöld í Buikwe héraði í Úganda til að bæta grunnþjónustu á sviði mennta- og vatns- og hreinlætismála. | Samningur undirritaður til fjögurra ára (2022-2025) fyrir þriðja áfanga héraðsþróunarverkefnisins og framkvæmd hafin. |
| | Stuðningur við héraðsyfirvöld í Namayingo héraði í Úganda til að bæta grunnþjónustu á sviði mennta- og vatns- og hreinlætismála. | Samningur undirritaður til þriggja ára (2021-2023) og framkvæmd samkvæmt áætlun. |
| | Samstarf hafið við nýtt hérað í Malaví, Nkhotakota. | Aðgerð á veg komin, verkefnisskjal í lokadrögum. |
| | Neyðaraðstoð vegna hitabeltisstormsins Ana í Malaví – framlag til WFP. | Framlag veitt til WFP í byrjun árs 2022 til að bregðast við neyðarástandi í kjölfar hitabeltisstormsins Ana. |
| | Stuðningur við fátækasta fólkið í Malaví (social protection) í gegnum sameiginlegan sjóð framlagsríkja á vegum Alþjóðabankans. | Samningur undirritaður um framlög til þriggja ára. |
| | Stuðningur við friðaruppbyggingu á landamærum Malaví og Mósambík, samstarf við Heimsmarkmiðasjóð SÞ í Malaví. | Samningur undirritaður til 12 mánaða (2022-2023) og framkvæmd hafin. |
| | Útsendir sérfræðingar til alþjóðastofnana. | Fjórir samtals, þar af einn útsendur sérfræðingur hjá UN Women í New York, tveir útsendir mannúðarliðar, annars vegar hjá UNRWA í Jerúsalem og hins vegar hjá UNFPA í Úganda, einn sérfræðingur hjá FAO í Róm. |
| | Ungliðastöður hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna fjármagnaðar. | Þrír ungliðar ráðnir árlega 2021-2023. Sex ungliðar (JPO) eru að störfum hjá alþjóðastofnunum á vegum Íslands, en þrír þeirra hófu störf árið 2022, einn á Mannréttindaskrifstofu SÞ fyrir Sýrland, einn hjá UNICEF í Kenía og einn hjá UNFPA í Malaví. |
| | Stuðningur við verkefni alþjóðastofnana í formi starfa íslenskra sérfræðiráðgjafa byggt á eftirspurn. Ráðgjafalistar á fimm sviðum: Jarðhiti; vatnsaflsvirkjanir; fiskimál; jafnréttismál; landgræðsla og sjálfbær landnýting. | Byggist á eftirspurn stofnananna sem samningar eru við (Alþjóðabankinn, UNEP, FAO, IFAD). Verkefni á sviði jarðhita, vatnsafls og fiskimála hafa verið unnin að beiðni Alþjóðabankans. |
| | Stuðningur við HRIE, mannréttindasjóð hjá Alþjóðabankanum. | Tímanleg framlög í takt við rammasamning sem gildir út árið 2023. Virk þátttaka og eftirlit með starfi sjóðsins. Stuðningur við starf sjóðsins með fjármögnun Íslensks sérfræðings. |
| | Stuðningur við átaksverkefni OHCHR, UN Free and Equal (LGBTI+). | Samningur undirritaður (2021-2023) og tímanleg framlög í takt við samning. |
| | Samningur við hnattræna Jafnréttissjóðinn, Global Equality Fund (LGBTI+). | Samningur undirritaður (2021-2025), tímanleg framlög veitt í takt við samning. |
| | Stuðningur við starf UNESCO á sviði tjáningafrelsis og öryggis fjölmiðlafólks. | Samningur undirritaður (2021-2023), tímanleg framlög veitt og virk þátttaka í ríkjabandalagi. |
| 7 SJÁLFBÆR ORKA | **2.1 Aukin nýting jarðhita og annarra endurnýjanlegra orkugjafa – heimsmarkmið 7**<br>2.1.1 Aukin þekking og geta til að nýta jarðhita<br>2.1.2 Aukin þekking og geta til að nýta endurnýjanlega orku | |
| **Staða** | **Aðgerðir** | **Staða í lok árs 2022** |
| | Stuðningur við starfsemi Jarðhitaskóla GRÓ | Virk starfsemi Jarðhitaskóla GRÓ, 25 nemendur útskrifaðir árið 2021 og 23 árið 2022. Bæði árin haldin vettvangsnámskeið og netnámskeið auk lengri vettvangsþjálfunar árið 2022. Tveir útskrifuðust með doktorsgráðu og tíu með meistaragráðu með skólastyrk frá GRÓ á tímabilinu. |
| | Stuðningur við orkusjóð Alþjóðabankans, ESMAP. | Tímanleg framlög í samræmi við rammasamning (2021-2023) og virk þátttaka og eftirlit með starfi |

| | | |
|---|---|---|
| | | sjóðsins. Stuðningur við starfsemi ESMAP með fjármögnun íslensks sérfræðings á sviði jarðhitamála. |
| | Stuðningur við aukið aðgengi að sjálfbærri orku í Mangochi og Nkhotakota héruðum í Malaví í samstarfi við EnDev. | Samningur undirritaður í lok árs 2022 fyrir nýtt samstarfsverkefni (2023-2024). |
| | Stuðningur við UN SEforALL. | Tímanleg framlög veitt og virk þátttaka í starfi stofnunarinnar og fulltrúi í Fjárveitingaráði stofnunarinnar (Funders Council). |
| | Ísland er málsvari jafnréttis og sjálfbærrar orku á vetvangi UN Energy. | Ísland fjármagnar stöðu sérfræðings hjá UN Energy til tveggja ára. |
| | Energy and Environment Partnership Facility for Africa – fjölgjafasjóður sem stýrt er af NDF. | Þriggja ára samningur gerður árið 2022 (2022-2024) um stuðning við sjóðinn og framlögin greidd tímanlega. Þátttaka í ráðgefandi stjórn og virkt eftirlit með starfi sjóðsins, sem heyrir undir Norræna þróunarsjóðinn. |

**2.2 Verndun og sjálfbær nýting hafs og vatna – heimsmarkmið 2 og 14**

2.2.1 Bætt stjórnun og sjálfbær nýting sjávarauðlinda og bætt lífskjör í fiskimannasamfélögum

2.2.2 Dregið úr plastmengun í hafi

| Staða | Aðgerðir | Staða í lok árs 2022 |
|---|---|---|
| | Stuðningur við starfsemi Sjávarútvegsskóla GRÓ. | Virk starfsemi Sjávarútvegsskóla GRÓ. Engir nemendur útskrifaðir 2021 vegna Covid, en 27 nemendur útskrifaðir árið 2022. Árið 2021 voru gefin út fræðslumyndbönd og árið 2022 voru tvær fræðsluferðir um íslenskan sjávarútveg skipulagðar fyrir sendinefndir frá þróunarlöndum. Fjórir útskrifuðust með meistaragráðu og einn með doktorsgráðu með skólastyrk frá GRÓ á tímabilinu. |
| | Stuðningur við sjóð Alþjóðabankans um Bláa hagkerfið (PROBLUE). | Samningur til fimm ára endurnýjaður árið 2022, virk þátttaka og eftirlit með störfum sjóðsins. Stuðningur við starf sjóðsins með fjármögnun sérfræðings á sviði fiskimála. |
| | Samstarf við Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO). | Samstarfssamningur framlengdur til þriggja ára (2023-2026). Sömuleiðis framlengdur samningur útsends sérfræðings til FAO í málefnum bláa hagkerfisins. Virk þátttaka og eftirlit með störfum stofnunarinnar. |
| | Stuðningur við verkefni tengd bláa hagkerfinu í Síerra Leóne | Aðgerð hafin, verkefni í mótun. |

**2.3 Endurheimt vistkerfa, sjálfbær landnýting og takmörkun landhnignunar – heimsmarkmið 15**

2.3.1 Aukin þekking og geta staðbundinna stofnana til landgræðslu og -verndar

| Staða | Aðgerðir | Staða í lok árs 2022 |
|---|---|---|
| | Stuðningur við starfsemi Landgræðsluskóla GRÓ. | Virk starfsemi Landgræðsluskóla GRÓ, 17 nemendur útskrifaðir árið 2021 og 19 árið 2022. Stuðningur við stutt námskeið árið 2021 og haldið á vettvangi 2022. Ein kona lauk doktorsgráðu og önnur meistaragráðu með skólastyrk frá GRÓ á tímabilinu. |
| | Samstarf við Umhverfisstofnun SÞ (UNEP). | Virk þátttaka Íslands á vettvangi stofnunarinnar, m.a. á fyrsta samningafundi um plast og plastmengun í lok árs þar sem Ísland er hluti af metnaðarbandalagi gegn plastmengun ásamt nítján öðrum ríkjum. |
| | Samstarf við Alþjóðasjóð um þróun landbúnaðar (IFAD). | Samstarfssamningur framlengdur til þriggja ára (2023-2026). Samningurinn felur ekki í sér framlög. |

**2.4 Aukin mótvægis- og aðlögunarhæfni samfélaga vegna áhrifa loftslagsbreytinga – heimsmarkmið 13**
2.4.1 Bætt aðlögun að og mótvægi gegn áhrifum loftslagsbreytinga
2.4.2 Aukið hlutverk kvenna við ákvarðanatöku á alþjóðavettvangi í loftslagsmálum

| Staða | Aðgerðir | Staða í lok árs 2022 |
|---|---|---|
| | Stuðningur aukinn við Græna loftslagssjóðinn (Green Climate Fund). | Árlegt framlag jókst um 50% árið 2022. Virk þátttaka með framkvæmd og starfi sjóðsins. |
| | Stuðningur hafinn við Aðlögunarsjóð UNFCCC sem styður við fátækustu ríkin. | Þriggja ára samningur undirritaður (2022-2024) og framlög veitt tímanlega. Virk þátttaka og eftirlit með starfi sjóðsins. |
| | Stuðningur við fjölþjóðasjóð hjá Alþjóðaveðurmálastofnuninni sem vinnur að uppbyggingu bættra veðurathugana og bættu viðnám við loftslagsbreytingum í fátækustu ríkjunum (SOFF). | Þriggja ára samningur undirritaður (2022-2024) og tímanleg framlög veitt. Virk þátttaka í framkvæmd sjóðsins og fulltrúi í stýrinefnd sjóðsins. |
| | UNDP Climate Promise. Fjölgjafasjóður sem studdi við uppfærslu ríkja á landsákvörðuðum markmiðum (NDCs) þeirra eins og kveðið er á um í Parísarsamningnum, að ríki auki metnað við loftslagsaðgerðir og áætlanir þar að lútandi. | Skrifað undir samning 2022 til þriggja ára um stuðning við fátækustu ríkin við uppfærslur á landsákvörðuðum markmiðum þeirra gagnvart Parísarsamningnum (Nationally Determined Contributions). Tímanleg framlög veitt og fulltrúi í stýrinefnd sjóðsins. |

**2.5 Sjálfbær hagvöxtur og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla – heimsmarkmið 8**
2.5.1 Efnahagsleg tækifæri, nýsköpun og bætt framleiðni
2.5.2 Atvinnusköpun fyrir konur, ungmenni og viðkvæma hópa

| Staða | Aðgerðir | Staða í lok árs 2022 |
|---|---|---|
| | Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífs um þróunarsamvinnu. | Alls hafa 27 styrkir verið veittir til verkefna í 9 úthlutunum á tímabilinu. |
| | Stuðningur við efnahagslega valdeflingu kvenna í Malaví (Mangochi hérað). | Framkvæmd í samræmi við áætlun. |
| | Stuðningur við efnahagslega valdeflingu kvenna í Úganda (Buikwe hérað). | Undirbúningur hafinn, verkefnaskjal í mótun. |

**Innra starf**

| Viðfangsefni | Aðgerðir | Staða í lok árs 2022 |
|---|---|---|
| Stefnumótun | • Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar SÞ nr. 1325 um konur frið og öryggi. | • Unnið að áætlun 2022-2026. Vinna tafðist en stefnt að samþykkt í lok árs 2023. |
| | • Stefnumið fyrir tvíhliða þróunarsamvinnu 2021-2025. | • Lokið 2022. |
| | • Stefnumið fyrir fjölþjóðlega þróunarsamvinnu. | • Lokið 2022. |
| | • Landaáætlun um samstarf Íslands og Malaví 2021-2025. | • Lokadrög tilbúin í lok árs 2022. |
| | • Landaáætlun um samstarf Íslands og Úganda 2021-2025. | • Lokadrög tilbúin í lok árs 2022. |
| | • Landaáætlun um samstarf Íslands og Síerra Leóne 2021-2025. | • Lokadrög tilbúin í lok árs 2022. |
| | • Tvíhliða samstarfssamningur milli Íslands og Síerra Leóne. | • Undirbúningur vel á veg kominn, stefnt að opnun um mitt ár 2023. |
| | • Opnun sendiskrifstofu í Freetown, Síerra Leóne. | • Undirbúningur vel á veg kominn, stefnt að opnun um mitt ár 2023. |
| Árangursstjórnun | • Samræmd árangursvöktun á lykilmælikvörðum. | • Vinna hafin með sendiskrifstofum í tvíhliða samstarfslöndum. |
| | • Heildrænn árangursrammi fyrir þróunarsamvinnu Íslands. | • Aðgerð hafin, árangursvídd sett upp í gagngagrunn um þróunarsamvinnu. |

| | | |
|---|---|---|
| | | |
| | • Jafningjarýni Þróunarsamvinnunefndar OECD, DAC á starfi Íslands. | • Rýni fór fram í október 2022, lokaniðurstöður teknar fyrir í apríl 2023. |
| Úttektir | • Árleg úttektaráætlun, gagnsæi í vinnubrögðum og eftirfylgni úttekta. | • Árlegar áætlanir gefnar út 2021-2022, niðurstöður úttekta gerðar aðgengilegar almenningi á heimasíðu utanríkisráðuneytisins. Eftirfylgni úttekta hluti af starfsháttum. |
| | • Úttektir á þróunarsamvinnu Íslands samkvæmt árlegum úttektaráætlunum. | Helstu úttektir 2021-2022:<br>• Áreiðanleikakönnun á fjárhagslegri hæfni frjálsra félagasamtaka.<br>• Innri rýni á þátttöku Íslands í Ungliðaáætlun SÞ 2005-15.<br>• Úttekt á kostnaði vegna umsækjenda um vernd og kvótaflóttafólks á Íslandi.<br>• Úttekt á landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi 2018-2022.<br>• Miðannarúttekt á verkefni SOS barnaþorpa í Tógó.<br>• Lokaúttekt á byggðaþróunarverkefni í Buikwe héraði, Úganda.<br>• Fjárhagsúttektir á skólum GRÓ.<br>• Úttekt á samstarfi við aðila atvinnulífs á sviði þróunarsamvinnu.<br>• Úttekt á sameiningu ÞSSÍ og utanríkisráðuneytisins (lýkur 2023).<br>• Þátttaka í samráðshópum vegna úttekta á verkefnum fjölþjóðastofnana. |
| Félagasamtök | • Stefnumið fyrir félagasamtök 2021-2025. | • Lokið 2022. |
| | • Rammasamningar við helstu samstarfsaðila í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð. | • Lokið, skrifað undir samninga við fjögur samtök í mars 2022. |
| | • Rammasamningar við helstu samstarfsaðila í kynningar og fræðsluverkefnum. | • Aðgerð hafin, mið tekin af innri rýni sem framkvæmd var í lok árs 2022. |
| | • Verkefni félagasamtaka hafa jafnrétti, mannréttindi og loftslagsmál að leiðarljósi. | • Aðgerð hafin, endurskoðun á matsramma yfirstandandi. |
| Atvinnulífið | • Kynningarátak um samstarfstækifæri í lágtekjuríkjum og samstarfs á grunni Heimsmarkmiðasjóðsins. | • Kynningarefni hannað, auglýsingar birtar í aðdraganda umsóknatímabila, heimasíða betrumbætt og fundir haldnir í samstarfi við fagráð Íslandsstofu um þróunarsamvinnu. Heimstorg Íslandsstofu komið á laggirnar sem stutt hefur við kynningarstarfið. |
| | • Uppfærsla á verklagsreglum fyrir Heimsmarkmiðasjóð atvinnulífs um þróunarsamvinnu. | • Fært yfir til ársins 2023 til að hægt sé að nýta niðurstöður úttektar sem lauk í lok árs 2022. |